



6. stjórnarfundur HSV starfsárið 2018-2019. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, miðvikudaginn 16.01 2019 kl. 16.30.

Mættir eru Ásgerður Þorleifsdóttir, Hildur Elísabet Pétursdóttir og Baldur Ingi Jónasson. Ingi Björn Guðnason mætti til fundar eftir dagskrárlíð 2. Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Styrkur frá 3x. Farið yfir beiðnir
Farið yfir umsóknir um styrki. Alls bárust 7 umsóknir frá 6 félögum. Allar umsóknir hlutu styrk.
2. RIG ráðstefna, eru íþróttir vettvangur ofbeldis? Í tengslum við Reykjavík International Games 2019 er haldin ráðstefna og málstofa um íþróttir og ofbeldi. Framkvæmdastjóri HSV mun fara á bæði ráðstefnuna og vinnustofuna. Hún mun einnig fara á fund framkvæmdastjóra íþróttahéraða sem haldinn verður eftir vinnustofuna. Í skoðun er að stjórn hsv sendi fulltrúa á þessa ráðstefnu.
3. Stelpur í íþróttum hjá HSV – hvað er til ráða?
Nokkrar umræður hafa verið um kynjahlutfall þeirra sem voru tilnefndir til íþróttamanns Ísafjarðarbæjar og efnilegsta íþróttamanns. Þar voru tilnefndir 15 karlar og 3 konur. Á síðasta bæjarstjórnarfundum var nokkur umræða um þetta mál undir liðnum fundargerð íþrótt- og tómstundarnefndar. Ljóst er að það er vilji hjá sveitarfélaginu að greina vandann og finna lausn. HSV er tilbúið í samvinnu við Ísafjarðarbæ um þetta mál.
4. Tímasetning ársþings HSV
Áætlað að halda næsta ársþing HSV 15. maí 2019.
5. Fulltrúi HSV á ársþing KSÍ
Ársþing KSÍ er haldið 9. febrúar. HSV á boð um einn þingfulltrúa. Framkvæmdastjóra falið að skipa fulltrúa sambandsins.
6. Íþróttasálfræðingur/þjálfari til Skotíþróttafélagsins. <https://keleaguinn.com/>.
Framkvæmdastjóra er falið að ræða við félagið og athuga með tímasetningar á komu þjálfarans og ræða við önnur aðildarfélög um að nýta sér hennar þekkingu.
7. Önnur mál
 - a. Sameining héraðssambanda. Á síðasta ársþingi var samþykkt tillaga um að skoða sameiningu héraðssambanda á Vestfjörðum. Framkvæmdastjóri kynnir þá vinnu sem fram hefur farið og framundan í því máli.